

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101Reykjavík

Reykjavík, 8. júlí 2021  
UST202106-161/H.P.  
08.28.00

## **Efni: Samráðsgátt - Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum**

Umhverfisstofnun hefur tekið til umsagnar Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – drög að stefnu sem birt er í samráðsgátt stjórnvalda. Umhverfisstofnun fagnar þeirri vinnu við aðlögun að loftslagsbreytingum sem nú er hafin með Hvítbókinni.

Umhverfisstofnun vill auk þess vekja athygli á að kynningu á fyrstu tillögu vatnaáætlunar lauk 15. júní s.l. en þar liggur fyrir tillaga að fyrstu vatnaáætlun Íslands með stefnumörkun um vatnsvernd til næstu sex ára. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land. Mikið samráð hefur þegar átt sér stað við vinnu að vatnaáætlun og koma fulltrúar sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlita að verkefninu í gegnum vatnasvæðanefndir ásamt tveimur ráðgjafanefndum annars vegar fyrir hagsmunaðila og hins vegar fagstofnanir og eftirlitsaðila. Gert er ráð fyrir að vatnaáætlun verði staðfest af umhverfis- og auðlindaráðherra í byrjun árs 2022.

Eins og komið hefur fram í Hvítbók geta loftslagsbreytingar meðal annars haft áhrif á vatn og fráveitur. Vatnaáætlun gerir einmitt ráð fyrir því að taka þurfi tillit og aðlaga áætlanirnar að loftslagsbreytingum. Í þessari fyrstu tillögu er gert ráð fyrir að vinna frekar að þessum málaflokki á næstu árum með því að gera athugun á loftslagsáhrifum (e. climate check) á aðgerðunum sjálfum og gæta þess að áætlunin í heild sinni auki ekki losun gróðurhúsalofttegunda. Þess má geta að í tengslum við vatnaáætlun lét Umhverfisstofnun vinna [greiningu á því hvaða áhrif aukin hreinsun fráveituvatns hefði á losun gróðurhúsalofttegunda](#). Í stuttu máli kom í ljós að með aukinni hreinsun fráveituvatns dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, mismikið eftir því í hvaða farveg seyran er sett (urðun, landgræðslu eða sambland af þessu tvennu). Enn meiri ávinningur felst í því að styrkja hringrásarhagkerfið á Íslandi og draga úr innflutningi á tilbúnum áburði.

Umhverfisstofnun hvetur til frekara samstarfs til framtíðar og gætt verði að því að stefnumörkun um aðlögun og aðrar áætlanir og stefnur á vegum hins opinbera eins og t.d. vatnaáætlun fari saman. Umhverfisstofnun er því tilbúin til frekara samstarfs og upplýsingagjafar á þessu sviði eftir því sem vinnunni þróar áfram.

Virðingarfyllst,

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
sérfræðingur

Hólmfríður Þorsteinsdóttir  
sérfræðingur